

117. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn 12.febrúar 2021.

Fundargerð

Fundurinn hófst á heimsókn á Egilsstaðaflugvöll kl 13:00 og hélt síðan áfram á Hótel héraði.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir og Pálína Margeirsdóttir. Þráinn Lárusson tók þátt í gegnum fjarfundabúnað. Sæunn Stefánsdóttir boðaði forföll. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótsdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Vettvangsheimsókn á Egilsstaðaflugvöll

Ásgeir Rúnar Harðarson flugvallarstjóri og Björgvin Rúnar Þorvaldsson, þjónustustjóri tóku á móti hópnum. Kynntu þeir starfsemi Egilsstaðaflugvallar og fóru á meðal annars yfir farþegaþróun síðustu ára og framkvæmdaáætlun vallarins.

2. Fundargerðir 115 og 116 fundar stjórnar til samþykktar.

Fundargerðirnar voru samþykktar af stjórn og verða undirritaðar rafrænt.

3. Samningur við Ferðamálastofu og ANR.

Framkvæmdastjóri lagði samninginn fram til samþykktar og var hann samþykktur af stjórn

4. Búsetuskilyrði- niðurstaða könnunar.

Framkvæmdastjóri kynnti könnun sem Austurbrú gerði um búsetuskilyrði. Niðurstöður könnunarinnar verða til frekari umfjöllunar síðar.

5. Niðurstaða styttingar vinnuvikunnar.

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður vinnuhóps Austurbrúar um styttingu vinnuvikunnar og lagði útfærsluna fyrir stjórn til samþykktar. Stjórn samþykkti útfærsluna.

6. Önnur mál

6.1 Styrkveiting til uppbyggingar á atvinnulífi Seyðisfjarðar.

Gauti Jóhannesson tilkynnti að ríkisstjórnin hefði í morgun gert samkomulag til þriggja ára við Múlaþing og Austurbrú um uppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði. Verkefninu fylgir 215 milljóna króna framlag á næstu þremur árum. Stjórn lýsir yfir ánægju sinni með þetta mikilvæga og þarfa verkefni.

Ekki fleiri mál. Fundi slitið kl 15:00